

greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l ílátí. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 2. gr. b. lið gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2005 – 30. september 2005, en þá verður þjónusta við sorphirðu hjá fyrirtækjum og stofnunum hætt á vegum Akraneskaupstaðar.

Frá 1. október 2005 munu fyrirtæki og stofnanir annast sín sorpmál sjálf og greiða fyrir móttekið sorp í samræmi við gildandi gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma, í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili kemur með sorp til afhendingar í móttökustöð Akraneskaupstaðar.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness þann 14. desember 2004. Fyrri umræða fór fram þann 9. nóvember 2004.

Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1006/2003.

Akranesi, 14. desember 2004.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn,
nr. 173 13. febrúar 2004.**

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er taki gildi 1. janúar 2005:

Fast gjald hækki um	4%
Heimæðagjöld hitaveitu hækki um	1,33%

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.